

Ástungan verður framkvæmd á:

Myndgreiningardeild Landspítala í Fossvogi

Myndgreiningardeild Landspítala við Hringbraut

Annað:



Lungnaástunga

Upplýsingarit

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklunga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslustofnun og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á sjúkrahúsinu. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklunga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LUNGNALÆKNINGAR
JÚNÍ 2014

HÖFUNDAR:
GUNNAR GUÐMUNDSSON
HRÖNN HARÐARDÓTTIR
RÓSA JÓNSDÓTTIR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC



Lungnalækningar LSH

Hér á eftir fara upplýsingar um ástungu og sýnatöku frá lungum. Ef eitthvað er óljóst og spurningar vakna eftir lestur þessa pésa skaltu hiklaust leita til starfsfólks deildarinnar sem er ávallt reiðubúið að reyna að svara spurningum.

Hvað er lungnaástunga?

Við lungnaástungu er nál stungið í gegnum brjóstvegg inn í lungað og tekið sýni. Þetta er gert þegar sést hefur hnúður í lunga eða brjósthimnu á röntgenmynd eða tölvusneiðmynd. Grunur getur leikið á að um æxli, sýkingu eða bólgusjúkdóm sé að ræða og til frekari greiningar er vefjasýnataka nauðsynleg.

Sýni er tekið með aðstoð tölvusneiðmyndataekni til að auka líkur á að sýnið sé tekið frá réttum stað.

Undirbúningur

Fyrir ástungu á lunga er þér ráðlagt að borða léttan morgunmat en vera fastandi eftir það á mat og drykk. Ef þú hefur verið á blóðþynningu með Magnyl, Kóvar, Plavix, Xarelto eða öðrum lyfjum þarf að hætta þeirri meðferð nokkrum dögum fyrir ástunguna í samráði við þinn lækni. Önnur lyf getur þú tekið inn að morgni ásamt morgunverði.

Oftast er um að ræða daginnlögn á sjúkrahúsið en ef upp koma fylgikvillar gæti lengra eftirlit/meðferð á sjúkrahúsi verið nauðsynlegt. Ekki er ráðlagt að þú keyrir sjálfur heim eftir þessa aðgerð.

Ástungan sjálf

Ástungan er gerð í tölvusneiðmyndataeki. Teknar eru myndir og síðan merkir lækirinn á húðina hvar á að stinga. Eftir að húð hefur verið sótthreinsuð er gefin staðdeyfing. Þá er nál stungið milli rifja, inn í lungað og sýni tekið. Stungan er yfirleitt sársaukalítill. Hún getur verið endurtekin allt að þrisvar sinnum. Á eftir liggur þú á dagdeild/legudeild í 2–4 klst. til að jafna þig og til eftirlits. Tekin verður ný röntgenmynd af lungunum fyrir heimferð.

Hugsanlegir fylgikvillar

Þessar aðgerðir eru hættulitlar, en alvarlegir fylgikvillar eru þó hugsanlegir.

1. Loftbrjóst. Af því að stungið er gegnum brjósthimnu er hætt á að loft komist þar inn. Við það fellur lungað saman, mismikið eftir magni loftsins. Oftast er ekki þörf á meðferð. Ef meðferðar þarfnast er loft sogað út með sprautu eða settur inn svokallaður kerli til að soga það út.
2. Blæðing frá slagæð í lunganu er hugsanleg ef stungið er í æð í aðgerðinni. Yfirleitt er blæðingin lítil og eru lífshættulegar blæðingar mjög sjaldgæfar. Vægur blóðhósti er algengur fyrstu 1-2 dagana eftir ástunguna. Ef blóðhósti er mikill eða viðvarandi er nauðsynlegt að leita til læknis.

Hætta á þessum fylgikvillum er meiri ef stinga þarf langt inn í lungað eða ef undirliggjandi lungnasjúkdómur er til staðar.

Ræddu möguleikana á þessum fylgikvillum við lækinn þinn.

Ráðleggingar eftir útskrift

Almenn fótaferð er ráðlögð en mikilvægt er að taka því rólega fyrstu 2-3 dagana eftir lungnaástungu og forðast mikla líkamlega áreynslu.

Ef þú hyggur á ferðalag fyrstu 2 vikurnar eftir lungnaástungu, sér í lagi flugferðalag, er þér ráðlagt að gera það einungis í samráði við þinn lækni.

Ef þú færð sáran brjóstverk eða verður þungt um andardrátt eftir heimkomu ættir þú að fara til frekari skoðunar á bráðamóttöku LSH í Fossvogi, s. 543 1000.

Eftirfylgni

Rannsókn á sýninu tekur fáeina daga. Lækirinn þinn hefur samband við þig þegar niðurstöðurnar eru komnar.

Endurkoma á Landspítala /Annað:
